

**Fundargerð aðalfundar****Arion banka hf. 2018**

Aðalfundur Arion banka hf. vegna ársins 2017 var haldinn í höfuðstöðvum bankans, að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 15. mars 2018 kl. 16:00.

**1. Setning fundarins**

Fundurinn hófst með því að Eva Cederbalk, formaður stjórnar Arion banka hf., bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Tók hún fram að fundurinn yrði haldinn á íslensku, að innleggi hennar sleptu, sem yrði á ensku. Hún lagði því næst til að Ólafur Haraldsson hrl. yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Tók Ólafur þá við fundarstjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði til að Sædís Íva Elíasdóttir, svæðis- og útibústjóri á Suðurlandi, yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt. Fundarritari tók þá þegar til við fundarritun.

Fundarstjóri upplýsti að fulltrúar 16 af 29 hluthöfum, að meðtoldum eigin hlutum Arion banka, væru mættir á fundinn sem sameiginlega fara með 99,4 % hlutafjár í Arion banka hf.

Fundarstjóri fór yfir boðun til fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hafi verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við 88. gr. laga um hlutafélög og bráðabirgðaákvæði samþykktta félagsins en boðað var til fundarins með tölvubréfi til fulltrúa hluthafa þann 1. mars 2018. Ennfremur voru tillögur stjórnar sendar hluthöfum og aðgengilegar á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund í samræmi við samþykki hluthafa þar um. Enginn hreyfði við andmælum og fundarstjóri lýsti fundinn því lögmætan.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fundurinn væri aðalfundur vegna ársins 2017.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá, sem er í samræmi við gr. 13.2 í samþykktum félagsins:

- 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta fjárhagsári**
- 2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsári**
- 3. Ákvörðun um greiðslu arðs**
- 4. Kosning stjórnar félagsins**
- 5. Kosning endurskoðunarfélags**
- 6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins fyrir komandi starfsári**
- 7. Tillaga stjórnar um starfskjara stefnu félagsins fyrir komandi starfsári**
- 8. Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eiginfjárpáttar 1**
- 9. Tillögur um breytingar á samþykktum**



## 10. Önnur mál

Fundarstjóri lagði til að dagskráliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir s.l. starfsár, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu á ársreikningi. Enginn hreyfði við andmælum og var tillagan því samþykkt. Fundarstjóri upplýsti jafnframt að ársskýrsla bankans og áhættuskýrsla bankans væru aðgengilegar á rafrænu formi á vef bankans.

### 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta fjárhagsári

Eva Cederbalk, stjórnarformaður Arion banka hf. tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um starfsemi bankans síðastliðið starfsár. Innlegg hennar var flutt á ensku.

### 2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsár

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka hf. gerði grein fyrir ársreikningi bankans en hann lá frammi á fundinum.

Að lokinni ræðu bankastjóra gaf fundarstjóri fulltrúum hluthafa tækifæri á að taka til máls vegna ársreiknings bankans og skýrslu stjórnar.

Enginn tók til máls og var reikningur bankans borinn upp til samþykktar og staðfestur með öllum greiddum atkvæðum.

### 3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar um meðferð hagnaðar:

*„Stjórn bankans leggur til að hagnaður ársins verði færður meðal eiginfjárár og að enginn arður verði greiddur á árinu 2018 vegna uppgjörs ársins 2017, að svo stöddu.“*

*Stjórn bankans hefur viðtæka heimild til að leggja fram tillögu um arðgreiðslu eða aðra ráðstöfun eigin fjár og því mun stjórnin mögulega boða til aukahluthafafundar fram að næsta aðalfundi, þar sem tillaga um slíka ráðstöfun yrði lögð fyrir.“*

*Tekið skal fram að stjórn Arion banka hefur tekið til ítarlegar skoðunar þann möguleika að arðgreiðsla fari fram með hlutabréfum, þ.e. hlutabréfum í Valitor Holding. Stjórnin er þeirrar skoðunar að framangreint þarfist ítarlegra mats.“*

Fundarstjóri gaf fulltrúum hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 4. Kosning stjórnar

Fundarstjóri tók fram, að samkvæmt lögum og samþykktum bankans bæri að kjósa stjórn á aðalfundi.

Fundarstjóri tók fram að upplýsingar um frambjóðendur sem greinir í 63. gr. a laga um hlutafélög, þ.e. nafn, kt, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaðila og samkeppnisaðila félagsins hefði verið send hluthöfum og birt á vef félagsins. Þá hefðu



framboðstilkynningar verið yfirfarnar af stjórn sem hefði lagt mat á óhæði frambjóðenda eins og kveðið er á um í starfsreglum stjórnar, og hafi hluthöfum verið kynnt það mat. Þá bar fundarstjóri upp tillögu um kosningu til stjórnar og varastjórnar Arion banka hf.

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt gr. 14.4 í samþykktum félagsins skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í aðalstjórn félagsins tilkynna um framboð sitt til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Sjö aðilar hafi gefið kost á sér í stjórn félagsins, en samkvæmt gr. 14.1 í samþykktum félagsins, skal stjórn félagsins skipuð 5-8 mönnum.

Eftirtaldir aðilar höfðu gefið kost á sér til setu í aðalstjórn bankans:

- Brynjólfur Bjarnason, kt. 180746-3909
- Eva Cederbalk, kt. 310752-3049
- Herdís Dröfn Fjeldsted, kt. 210971-4329
- Jakob Már Ásmundsson, kt. 200275-3499
- John Philip Madden, kt. 271173-4079
- Måns Höglund, kt. 240551-2259
- Steinunn Kristín Þórðardóttir, kt. 090472-4379

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til stjórnar félagsins hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í aðalstjórn félagsins.

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt gr. 14.4 í samþykktum félagsins skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í varastjórn félagsins tilkynna um framboð sitt til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Þrír aðilar hafi gefið kost á sér í varastjórn félagsins, en samkvæmt gr. 14.1 í samþykktum félagsins, skal varastjórn félagsins skipuð allt að þremur mönnum.

Eftirtaldir aðilar höfðu gefið kost á sér til setu í varastjórn bankans.

- Ólafur Örn Svansson, kt. 300572-6189
- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, kt. 070470-5279
- Þórarinn Þorgeirsson, kt. 110174-3309

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til stjórnar félagsins hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í varastjórn félagsins.

Í stjórn Arion banka sitja því nú:

- Brynjólfur Bjarnason, kt. 180746-3909
- Eva Cederbalk, kt. 310752-3049
- Herdís Dröfn Fjeldsted, kt. 210971-4329
- Jakob Már Ásmundsson, kt. 200275-3499
- John Philip Madden, kt. 271173-4079
- Måns Höglund, kt. 240551-2259
- Steinunn Kristín Þórðardóttir, kt. 090472-4379



og varamenn eru:

- Ólafur Örn Svansson, kt. 300572-6189
- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, kt. 070470-5279
- Þórarinn Þorgeirsson, kt. 110174-3309

## 5. Kosning endurskoðunarfélags

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar þess efnis að Deloitte ehf. muni halda áfram í hlutverki sínu sem ytri endurskoðendur bankans, í samræmi við ákvörðun aðalfundar 19. mars 2015, sbr. 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

Enginn fulltrúi hluthafa óskaði eftir því að taka til máls um tillöguna. Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykkis fundarins og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins fyrir komandi starfsá

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu um laun stjórnarmanna og varamanna í stjórn sem felur í sér hækkun frá fyrra ári í samræmi við launavísitölu (6,8%), þ.e.:

*„Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. 453.900, mánaðarlaunvaraformanns verði kr. 680.793 en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. 907.423. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 229.912 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 453.900 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði. Í tilviki erlendra stjórnarmanna skulu framangreindar töltur vera tvöfaldar. Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í stjórnarnefndum félagsins að hámarki kr. 181.560 á mánuði fyrir setu í hverri nefnd og formönnum stjórnarnefnda kr. 235.777 á mánuði.“*

Fundarstjóri gaf fulltrúum hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um starfskjarastefnu bankans yrði samþykkt óbreytt frá síðstliðnu ári.

Fundarstjóri spurði hvort fulltrúar hluthafa óskuðu eftir því að starfskjarastefnan yrði lesin upp í heild sinni. Ekki var óskað eftir því. Fundarstjóri gaf því næst fulltrúum hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna.

Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til samþykktar. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



## 8. Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eiginfjárþáttar 1

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að veita stjórn tímabundna heimild til að ákveða útgáfu skuldabréfa sem mynda viðbótar eigið fé þáttar 1, eins og samþykkt var á stjórnarfundi þann 14. febrúar 2018. Slík skuldabréf mundu fela í sér skyldubundna breytingu í hluti við tilteknar aðstæður (fjármálagerningar sem mæta tapi). Verði tillagan samþykkt mun eftirfarandi ákvæði verða bætt við 4. gr. samþykktu Arion banka hf.

*„Hluthafafundur veitir stjórn félagsins heimild, samhliða heimild til hlutafjárhækkunar, með frávikum frá hvers kyns forgangsrétti hluthafa, til að gefa út breytanleg skuldabréf sem uppfylla kröfur sem viðbótar eigin fjár þáttur 1 samkvæmt 84. gr. b laga nr. 161/2002. Heimild þessa má nýta einu sinni eða oftar og gildir hún til aðalfundar félagsins árið 2019. Lánsfjárhæðir og skilyrði umbreytingarinnar skulu ákvörðuð þannig að heildarfjárhæð hluta sem stjórn er heimilt að gefa út við umbreytingu, á grundvelli þessar heimildar, geti ekki orðið fleiri en 400.000.000 hlutir eða 20% af útgefnum hlutum á þeim tíma sem viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuldabréfin eru gefin út (eða samsvarandi fjöldi vegna hvers kyns hlutafjárhækkunar, útgáfu jöfnunarhlutabréfa, umbreytingu breytanlegra gerninga eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða). Skuldabréf sem mynda viðbótar eigin fjár þátt 1 taka skyldubundinni umbreytingu í samræmi við skilmála þeirra en geta ekki verið umbreytanlegir að vali skuldabréfaeiganda. Stjórn skal ákveða alla aðra skilmála vegna útgáfu á grundvelli þessar heimildar. „Fundarstjóri gaff fulltrúum hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna.“*

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að tillagan, yrði hún samþykkt fæli það í sér að hluthafar fíllu frá forgangsrétti sínum samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til samþykktar. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 9. Tillögur um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri gerð grein fyrir framkomnum breytingum á samþykktum Arion banka hf. en þær lúta að því að framlengja bráðabirgðaákvæði samþykktu bankans. Engar aðrar breytingar eru lagðar til á ákvæðinu. Tillaga stjórnar er svohljóðandi:

*„Ákvæði til bráðabirgða:*

*Greinar 10.6-10.9 (að báðum greinum meðtöldum) og grein 18.3 skulu ekki taka gildi fyrr en 1. júlí árið 2018.*

*Þess í stað gildir eftirfarandi regla um boðun hluthafafunda félagsins:*

*Alla hluthafafundi félagsins skal boða með almennri auglýsingu eða með rafraðnum hætti til hvers hluthafa, með a.m.k. viku fyrirvara, en með tveggja vikna fyrirvara fyrir aðalfund félagsins. Þó má halda hluthafafund sem boðaður er með skemmt innar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé félagsins samþykka það skriflega fyrirfram.*

*1. Júní  
2. Júní*



Ákvæði þetta til bráðabirgða skal falla sjálfkrafa niður á framangreindum degi. Stjórn félagsins skal í kjölfarið staðfesta og senda fyrirtækjaskrá uppfært eintak samþykktá félagsins án þess ákvæðis."

Fundarstjóri gaf fulltrúum hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 10. Önnur mál

Fundarstjóri spurði hvort stjórn bankans eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Að því loknu var óskað eftir samþykki fundarins fyrir því að fundarritari og fundarstjóri gangi frá fundargerð að fundi loknum og þá var það samþykkt að fundargerð skyldi ekki lesin upphátt í fundarlokk í samræmi við 5. mgr. 90. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, heldur hjá fundarritara fyrir þá sem þess óska.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri fundi slitið kl. 17.00.

Sædís Íva Elíasdóttir,  
Fundarritari

Ólafur Haraldsson, hrl.  
Fundarstjóri